



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ÚTVI2FV04 - Útivistarsvæði

Kennari: Björgvin Örn Eggertsson (boe@fsu.is)

Kennsluáætlun vorið 2025

Vika	Dags.	Tími	Efni	Kennari
1	6. jan.	9 ⁰⁰ -15 ⁴⁵	Kynning á áfanga. Skoðunarferð um Reykjaskóg Skipulag og aðgengi í skógum, kortagerð – bílastæði – stígar og önnur aðstaða. Merkingar – efni og útlit.	Björgvin Eggertsson
2	16. jan.	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Tilgangur merkinga – gróðurs – aldur/uppbýgging – stígar og merkingar í nágrenni Reykja Hönnun og gerð skiltis. Efni, innihald....frh.	Björgvin Eggertsson
3	24. jan.	9 ⁰⁰ -12 ⁰⁰	Lesið í skóginn – grenndarskógar – Skólapróunarverkefni Skógargerðir, skipulag og aðstaða.	Björgvin Eggertsson
4	30. jan.	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Aðstaða og búnaður í útivistaskógum/grenndarskógum í þéttbýli og dreifbýli	Björgvin Eggertsson
5	7. feb.	9 ⁰⁰ -15 ⁴⁵	Vettvangsferð Dreifbýlisskógar og ferðaþjónusta Geysir – Haukadalur. Ólíkar skógargerðir	Björgvin Eggertsson
7	20. feb.	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Aðstaða og búnaður í útivistaskógum/grenndarskógum í þéttbýli og dreifbýli	Björgvin Eggertsson
8	27. feb.	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Hönnun á skilti fyrir fræðslu. Hæðarmæling trjáa, grisjun og tegundagreining trjáa.	Björgvin Eggertsson
9	6. mars	9 ⁰⁰ -15 ⁴⁵	Fjölbreytt sköpunarefni úr skógi- tálgutæknin prófuð. Verklegr húsgagnagerð. Skil á verkefni 1 og 2	Bjarki Sigurðsson Björgvin Eggertsson
11	18. mars	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Aðstaða og búnaður í útivistarskógum til útiildunar, eldiviður, uppkveikja, húsgögn, staðarval / stemning.	Björgvin Eggertsson
12	25. mars	9 ⁰⁰ -12 ⁰⁰	Verkefnavinna og frágangur – skógarferðin mín Skil á verkefni 3	Björgvin Eggertsson
13	1. apríl	12 ⁴⁵ -15 ⁴⁵	Húsgagnagerð vegna útiaðstöðu í skógi. Verkefnaskil – kynning á verkefnum	Björgvin Eggertsson



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

14	8. apríl	9 ⁰⁰ -12 ⁰⁰	Húsgagnagerð vegna útiaðstöðu í skógi.frh. Skil og kynning á verkefni 4	Björgvin Eggertsson
17	30. apríl	9 ⁰⁰ -12 ⁰⁰	Próf	Björgvin Eggertsson

Bókalisti og námsefni

Skógarbók Grænni skóga. Útgefandi Lbhí 2006. Ritstjóri Guðmundur Halldórsson.

Lesið í skóginn tálgað í tré. Útgefandi Garðyrkjakólinn 2003/2018

Ítarefni og efni á netinu:

Skógarauðlindin – ræktun, umhirða og nýting. Útgefandi Lbhí 2013

Tré og runnar á Íslandi eftir Ásgeir Svanbergsson. Útgefandi: Örn og Örlygur, 1989.

Laufré á Íslandi. Útgefandi: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.

Barrtré á Íslandi. Útgefandi: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.

Íslandsskógar eftir Sigurð Blöndal og Skúla Björn Gunnarsson, 1999.

Skógræktarbókin. Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, 1990.

Við skógareigendur. Tímarit. Útgefandi: Landsamtök skógareigenda, 2 tbl. á ári til 2018.

<https://www.skogarbondi.is/utgafa-vid-skogareigendur>Tenglar á ytra svæði.

Skógræktarritið, er ársrit Skógræktarfélags Íslands sem kemur út 2-svar á ári.

Vefslóðir:

www.skogarbondi.is

www.skog.is

www.skogur.is

<https://island.is/s/land-og-skogur>

www.grodeuldur.is Fræðsluleiðbeiningar um viðbrögð við gróðureldum

<https://godarleidir.is/natturustigar/inngangur>



Garðyrkjuskólinn Reykjum
Skipulag áfanga



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og vettvangsferðum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar, lotuvikur: Verklegar æfingar og vettvangsferðir verða í lotuvikum fyrir alla nemendur áfangans (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar og ferðir í lotuvikum.

Upptökur: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Námsmat

Verkefni gilda 50% í lokaeinkunn, skriflegt lokapróf gildir 50% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSu, Reykjum, 2. janúar 2025

Björgvin Örn Eggertsson



Garðyrkjakúlinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Áfangalýsing

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
ÚTVI2FV04 – Útivistarsvæði	4 fein	2
Lýsing Fjallað er almennt um gerð og viðhald útivistarsvæða, einkum útivistarskóga, og skoðuð dæmi um vel heppnuð svæði. Sérstaklega verður rætt um aðgengi, aðstöðu og móttöku gesta á útivistarsvæðum. Skoðuð verður hönnun og gerð stíga, fræðsluskilta og vegvísa og viðhald þeirra mannvirkja. Í verklegum æfingum er kennd smíði bekkja og borða úr flettum skógarviði. Einnig verða æfingar í umhverfisfræðslu í útikennslu um lífríki og náttúru.		
Forkröfur SKÓG1IN03 (Skógrækt inngangur), VIST1IN03 (Vistfræði inngangur), DÝRA3FV03 (Dýrafræði), GRÓÐ1ÍF01 (Íslenska flóran)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Gerð og viðhaldi útivistarsvæða, sérstaklega útivistarskóga. - Þeirri aðstöðu sem er nauðsynleg til að gera skóga og önnur útivistarsvæði aðgengileg almenningi. - Hönnun og gerð stíga, fræðsluskilta og vegvísa - Smíði húsgagna úr skógarviði. - Nýtingu útivistarsvæða til umhverfisfræðslu um lífríki og náttúru.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Gera sér grein fyrir því hvað gerir útivistarsvæði aðlaðandi fyrir gesti, metið með rökstuðningi og kynningu. - Velja leiðir til að gera skóga og önnur útivistarsvæði aðgengileg almenningi sem metið er með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi. - Meta þörf fyrir upplýsingar fyrir gesti á útivistarsvæðum og setja þær fram á aðgengilegan hátt, metið með útsjónarsemi, framsetningu og rökstuðningi. - Gera stíga og húsgögn úr skógarviði fyrir útivistarsvæði sem metið er með verklagi og verkskipulagi.	
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Gera og viðhalda göngustígum og öðrum mannvirkjum á útivistarsvæði. - Skoða hvaða aðstaða þarf að vera fyrir hendi á útivistarsvæðum.		



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrautaskóli Suðurlands

• Setja upp fræðsluskilti og vegvísa. • Smíða húsgögn úr skógarviði. • Nýta útivistarsvæði til umhverfisfræðslu.	• Taka þátt í umhverfisfræðslu á útivistarsvæðum, metið með frammistöðu í verklegum æfingum.
Námsmat Verklegar æfingar, skrifleg skýrsla, kynningar, skriflegt próf.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Kennsla er að hluta til með fyrirlestrum en meginþunginn í raunhæfum verkefnum á útivistarsvæði.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur lesa í umhverfi sitt og gera sér grein fyrir því hvernig hægt er að tryggja aðgengi fólks að útivistarsvæðum. Sjálfbærni: Nemendur læra að nýta þann efnivið sem til er í umhverfinu til að byggja upp útivistarsvæði Jafnrétti: Við skipulag útivistarsvæða þarf að tryggja að til séu svæði sem eru aðgengileg fyrir alla.	
Dags.: Höfundar: Úlfur Óskarsson og Guðríður Helgadóttir	